

Alþjóðleg þjálfararáðstefna þýska þjálfarafélagsins Bochum, 25.-27. júlí 2011

Þýska þjálfarafélagið hélt sína árlegu, alþjóðlegu þjálfararáðstefnu í Bochum, frá 25.-27. júlí sl. Knattspyrnuþjálfarafélagi Íslands var boðið að senda einn fulltrúa og fór undirritaður á ráðstefnuna ásamt 1.050 öðrum þjálfurum alls staðar að úr heiminum og er það metþátttaka.

Hér á eftir fer samantekt frá ráðstefnunni sem bar yfirskriftina:

Að snúa fljótt vörn í sókn og sókn í vörn með hliðsjón af tækni og taktík

Afhending gagna fór fram sunnudaginn 24. júlí en morguninn eftir setti Horst Zingraf, forseti þýska þjálfarafélagsins, ráðstefnuna. Að loknum ávörpum var gengið til dagskrár sem var sem hér segir:

09:50-10:45

Að snúa hratt vörn í sókn og öfugt: Bernd Stöber

Eeins og margar aðrar þjóðir fylgjast þjóverjar grannt með öllum HM og EM og toppliðum í meistaradeildinni og gefa út skýrslur um helstu atriði og einkenni nútímaknattspyrnu í kjölfar þeirra. Þeir hafa dregið eftirfarandi ályktun um þróun knattspyrnunnar eftir HM 2010:

- varnarskipulag æ betra
- fyrir það lið sem vinnur boltann:

taktísk grunnatriði: nýta vel þann litla tíma sem maður hefur meðan mótherjinn er óskipulagður.

- fyrir það liðsem tapar boltanum:

skipuleggja sig eins fljótt og hægt er.

Tilvitnun:

Barcelona var hættulegast þegar við höfðum boltann (J. Ramos, þjálfari Villareal)

27% allra marka í Meistaradeildinni 2010-2011 kom eftir skyndisóknir (mun minna en áður).

Tvö atriði við að snúa hratt vörn í sókn:

- fyrsta sending eftir að boltinn vinnst
- skapa færi fljótt

Forsendur:

- vilji leikmanna
- tæknileg og taktísk geta

Mikilvæg atriði:

- hvar vinnst boltinn?
- hvernig höfum við varist (þ.e. liðið sem vann boltann; var það tilviljun eða ekki)?

Hvað gerum við þegar við vinnum boltann?

- knattrak
- stuttar og snöggar sendingar
- stungusending

Hvernig má ljúka sókn fljótt?

- forðast óþarfa sendingar (tími tapast)
- fá boltann inn á miðjuna
- þvinga vörnina til að bregðast við
- samræma hlaupaleiðir

Að snúa sókn í vörn:

- lesa leikinn
- bakka
- koma sér í stöður
- ekkert pláss aftan við vörnina (boltann)

Eftir að bolti hefur tapast:

- meta og lesa stöðuna
- taka ákvörðun

pressa strax (allt liðið)

pressa á boltamanninn strax, hinir bakka

allt liðið bakkar

Að æfa þetta atriði (að snúa fljótt vörn í sókn og öfugt)

1. taka þetta með í allar æfingar
2. taktísk þjálfun sé keppnislík- leiklík, m.m.t.

svæða

mótherja

og æfa eins og liðið spilar

11:30-12:30

Að bæta sendingar og taka við og á móti bolta: Dirk Reimöller

Verklegar æfingar úti á velli.

14:014:45

Lið og liðsheild: Dr. Hans-Dieter Herman

Benti á heimasíðuna mentales-coaching.com

Knattspyrnulið þarf að vera náma, uppspretta.

Hæfileikar liðs eru að vera félagsleg heild og nýta getu sína í þágu liðsins.

Skynjun og vitund liðsins er mikilvæg sem og að skynja sjálfan sig út frá liðinu.

Leikmenn verða að hafa samskiptahæfileika og vera tilbúnir að ætla sér langt.

Herman sagði að það hefði verið auðvelt að vinna sálfræðilega með þýska landsliðið fyrir HM 2010. Það hafi spurt sig:

Hverjir erum við?

Hvert viljum við fara?

Erum við lið?

Hann fór yfir nokkur atriði sem snerta lið sem heild, svo sem:

Aðstæður

Grunnhlutverk og verkefni leikmanna

Skilgreining liðsins

Fórnfýsi

Markmið og leið að markmiðinu

Samskipti (að vera opinn, að meta samherja, að þekkja uppbyggingu liðsins)

Gleði

Árangur með samsömun

Sameiginlegt mottó, slagorð, „vörumerki“, hlutir, „serimóníur“

Dæmi af hokkílandslíðinu sem notaði HONAMAS (sem er stytting á orðinu HockeyNationalmannschaft)

Þýska knattspyrnulandsliðið notaði YEBO sem þýðir já á afrísku. Þetta var slagorð liðsins í S-Afríku. Einnig notuðu þeir hugtakið „power within“ eða innri kraftur.

Leikmenn Hoffenheim notuðu lás úr klifurkeðju sem tákni um samheldni en liðið hafði allt farið í klifur og þá varð lás til sem sameiningartákni.

Að mynda lið eru allar ráðstafanir sem miða að því að efla og byggja upp góð samskipti og traust milli leikmanna liðsins sem er grunnur að langvarandi árangri. Þetta er vinna sem tekst aðeins ef þjálfari tekur þátt í henni.

Meðal fyrrnefndra ráðstafana eru æfingar sem auka traust milli leikmanna, samskiptaæfingar. Sem dæmi má nefna æfingu þar sem leikmenn hlaupa á fullri ferð í átt að vegg með bundið fyrir augun en samherjar segja þeim að stöðva rétt áður en þeir lenda á veggnum. Önnur æfing er þannig að nokkrar snúrur eru strengdar á milli trjáa. Liðinu er skipt í hópa og svo keppa þeir um það hver er fyrstur til að standa sem heild á snúrunni.

Lögð er áhersla á samskipti, hjálp og árangur.

Liður í því var að leikmenn skrifuðu eitt orð framan á pappakassa sem þeim fannst vera mikilvægt til að lið næði árangri. Úr þessum pappakössum var svo búinn til píramídi og síðan var einn kassinn tekinn í burtu og þá sáu leikmenn að það var nóg að einn kassi væri tekinn, þá hryndi píramíðinn.

Tekin var mynd af píramídanum og búíð til veggspjald sem liðið tók með sér og hengdi upp á vegginn í búningsklefanum fyrir hvern leik.

Herman sýndi nokkur myndbönd máli sínu til stuðnings, m.a. því sem var notað fyrir leikinn gegn Ghana.

Ræddi um leyndarmál velgenginnar og við- og fyrirhafnarmiklar ráðstafanir til þess að mynda liðsheild

Farið var með liðið í kanuferð þar sem leikmenn þurftu að bjarga hver öðrum uppúr þegar þeir duttu útbyrðis. Markmiðið var að skapa aðstæður þar sem leikmenn þyrftu að leysa vanda, hjalpast að og bjarga hver öðrum. Um leið er fylgst með þeim við mismunandi aðstæður.

Ýmsar ráðstafanir voru gerðar til að létta pressu af mönnum og efla liðsheildina, sem og að kanna kjark leikmanna.

Koma þarf í veg fyrir óróa innan hópsins en auka stuðning í staðinn. Gera þarf kröfur til allra leikmanna.

Þeir þurfa að vera tilbúnir til að draga sjálfa sig til baka í þágu liðsins, með öðrum orðum að setja sjálfan sig í annað sæti en liðið í það fyrsta, sem og að vera reiðubúnir að axla ábyrgð í þeirri vissu að eigin hegðun hefur mikið að segja um hegðun samherjanna.

Að lokum tók Herman hvern staf í orðinu team og lét hann tákna þetta: Lið gerir eitthvað óvenjulegt saman.

TEAM

t-ut

e-twas

a-ussergewöhnliches

m-iteinander

Það minnir á ensku útgáfuna á því sem er svona:

T=together

E=everyone

A=achieves

M=more

14:45-15:45

Tölfræðilegar staðreyndir um „þjóðsagnir“ um taktík í knattspyrnu: Roland Loy

Hvað vitum við um taktík?

Hvað er um að ræða?

Sokrates sagði: ég veit að ég veit ekki neitt.

Jose Mourinho sagði: ég veit allt um fótbolta

Hinn þekkti þýski þjálfari Dettmar Cramer sagði við fyrirlesara:

Efastu um alla taktík því efinn er upphaf allra framfara .

Dæmi:

Sagt er: aldrei að breyta sigurliði. En hver er staðreyndin?

Óbreytt lið vinnur í 36% tilfella næsta leik

Breytt lið vinnur líka í 36% tilfella næsta leik.

Sagt er: aldrei að láta þann sem brotiðer á taka vítið. En hver er staðreyndin?

Ef annar en sá sem fékk vítið tekur vítið er skorað úr 75% vítaspyrnanna.

Ef sá sem fékk vítið tekur vítið er líka skorað úr 75% vítaspyrnanna.

Sagt er: það skilar meiru að spila upp kantana (færri mótherjar).

Sóknir upp kantinn skila í 1,5% tilfella marki.

Sóknir upp miðjuna skila í 1,5% tilfella marki.

Sagt er: taka á horn í átt að marki. En er það árangursríkara?

2% hornspyrna sem teknar eru í átt að marki enda með marki.

Sagt er: það lið sem kemst í 1-0 vinnur leikinn.

Já (sigur) 67%

Jafntefli 22%

Nei 11%

Sagt er: Heiðarleiki skilar árangri og að lið vinni ef það brýtur sjaldnar. Rétt er að lið sem brýtur sjaldnar af sér en mótherjinn vinnur í 35% tilfella leikinn en það lið sem brýtur oft af sér vinnur leikinn í 37% tilfella.

Sagt er: að hafa boltann er mikilvægt fyrir árangur; ef við erum með boltann þá er engin hættu. Rétt er að í 34% vinnur lið leikinn sem er meira með boltann en í 40 tilfella vinnur það lið sem er minna með boltann.

Sagt er: sá sem á fleiri markskot vinnur leikinn. Það er rétt í 45% tilfella en ragnt í 55% tilvika.

Á EM 2004 þegar Grikkland varð Evrópumeistari, lék liðið sex leiki og átti alltaf færri skot en mótherjarnir (52 markskot en mótherjarnir 103).

Sagt er: sá sem vinnur fleiri návígi vinnur leikinn. Það er rétt í 42% tilvika en rangt í 58% tilvika (jafntefli eða tap).

Sagt er: vítakeppni er bara heppni. Ef vítaspyrnur eru greindar kemur eftirfarandi í ljós:

Víti sem eru hærri en 1,22 m = 91% þeirra endar með marki

Víti lægri en það = 72% þeirra enda með marki

Víti í efra hluti marksins = mark í 99% tilfella

1% hárra skota fer yfir markið

Sagt er: betra að eiga heimaleikinn eftir. Það er rétt því í 55% tilfella vinnur liðið sem fyrst á útileikinn en í 45% tilfella ekki.

Það liðsem skapar fleiri dauðafæri vinnur 66% leikja en tapar eða gerir jafntefli í 34% leikja.

Sagt er: leikmenn hlaupa æ meira í leik. Staðreyndin er þessi:

Ár	Hlaupin vegalengd
1952	3.500 m.
1962	5.500 m.
1976	8.700 m.
1991	10.800 m.
2005	11.500 m.
2010	12.300 m. (dómarar hlaupa svipaða vegalengd)

Það lið sem hleypur meira tapar oftar.

Mark rétt fyrir hlé hefur engin áhrif á úrslit leiksins.

Þríhyrningsspil:

Fátt misheppnast oftar en þríhyrningsspil.

Innan við tvö þríhyrningsspil heppnast að meðaltali í leik.

1% allra marka koma eeftir þríhyrningsspil í 900 leikjum í þýsku úrvalsdeildinni.

(4 af rúmlega 800 mörkum í deildinni sl. ár)

2,4% allra fyrirgjafa enda með marki. Það þarf 46 fyrirgjafir til aðskora eitt mark.

Þar af:

38 fyrirgjafir 0-5,5 m. frá endalínu

49 fyrirgjafir 5,5-11 m. frá endalínu

71 fyrirgjafir 11-16,5 m. frá endalínu

90 fyrirgjafir 16,5-22 m. frá endalínu

Hlutfall mörk: skot

7:1 í vítateig

37:1 utan vítateigs

70:1 af lengra færi en 27 m.

Föst leikatriði

Eftir fast leikatriði (beint): 29% nýting

Eftir fyrirgjöf: 20% nýting

Eftir sendingu: 51% nýting

Greining marka í þýsku úrvalsdeildinni frá tímabilinu 1991-92 til 2010-2011 sýnir að mörk eftir föst leikatriði eru frá 26-31% allra skoaðra marka og meðaltalið er 29%.

Návígi (að leika á mótherja) :

Kostur: margvíslegur ávinningur að leika á mótherja

Galli: bolti tapast

Cristiano Ronaldo vinnur innan við 50% tilrauna til að plata.

Leikkerfi (4.000 leikir á 16 árum greindir): hvaða kerfi gefur mestar sigurlíkur:

3-6-1: 20,6%

4-5-1: 32,7%

4-3-3: 35,4%

3-5-2: 36,6%

3-4-3: 37,7%

4-4-2: 40.0%

Sagt er: við viljum fækka tilviljunum. 50% allra marka koma eftir tilviljun. Meira en þriðja hver snerting í fótbolta er óvart! (yfir 40.000 snertingar rannsakaðar).

Sagt er: konur vita ekkert um fótbolta

1000 konur og karlar voru beðnir að útskýra rangstöðu:

53% karla gat útskýrt rangstöðuregluna en 68% kvenna.

Sagt er: það borgar sig að reka þjálfarann og fá nýjan. Er það rétt?

Öll þjálfaraskipti í þýsku úrvalsdeildinni frá 1963-2008 voru rannsökuð. Niðurstöður voru þær að hvort sem um er að ræða skammtíma- eða langtímaáhrif, skilaði það ekkimeiri árangri að reka þjálfara.

16:00-17:00

Að snúa vörn í sókn: undirbúningsæfingar: Frank Schäfer

17:00-18:00

Að snúa vörn í sókn; liðsþjálfun (keppnislíkt, eftir stöðum): Frank Schäfer

Þriðjudagur 26. júlí

09:00-10:00 (09:00-10:00)

Adidas micoach – notkun tölvutækni og forrita við þolþjálfun

Kynnt var forritið micoach frá adidas sem auðveldar knattspyrnumönnum að æfa þol á réttu álagi. Forritið er hægt að setja í flestar gerðir nýrri síma og leikmenn geta æft með hjálp forritsins þótt þeir fari í frí eða eru fjarverandi af öðrum ástæðum.

10:00-11:00 (10:00-10:51)

Knattspyrnulögin - hreinar línur – viðurkenning, hvernig vinna dómara? **Lutz Michael Fröhlich**

78.000 karlkynsdómarar á vegum þýska knattspyrnusambandsins og 2.790 kvendómarar.

Fyrirlesari ræddi um:

Setja reglur

Samskipti, líkamstjáningu og áhrif hennar

Liðssamvinnu

Líkamlegt ástand

Einbeitingartækni

Fagleg vinnubrögð

Aðferðir

Að vita hvað og hvernig

Tók dæmi um ýmis ágreinings- og túlkunaratrði

Stjórna leikjum

Persónuleika

Leiðtogahæfileika - leikstjórn

11:00-11:30

Kaffihlé

11:30-12:00

Varnarleikur í föstum leikatriðum: Jörg Daniel

Kynning á verklegri æfingu sem kom í kjölfarið

12:15-13:00

Varnarleikur í föstum leikatriðum: Jörg Daniel (verklegt) Sýnihópur: Yngri flokkar Bochum.

13:00-14:30

Hádegishlé

14:30-15:30

Hér mátti velja um eftirtalin tvö efni:

1:

Hröð sóknaruppbygging frá markmanni

Marco Knopp, markmannsþjálfari VfL Bochum U12-U19

Peter Greiber, markmannsþjálfari VfL Bochum U-23 og aðalliðs

2:

Persónuleikaþjálfun í afreksþjálfun

Undirritaður valdi hið síðarnefnda og verður fjallað um það hér.

Persónuleiki (hugarfar) er á allra vörum.

Þroskar þjálfun leikmenn? Gerir þá betri einstaklinga?

Takmörk leikmanna eru ýmist tæknileg, taktísk eða líkamleg.

Afkastageta vex ekki línulega og er flókið fyrirbæri.

Þroski er langtímaverkefni sem þarf og verður að vinna að og efla

Líkamleg og þroskaþjálfun getur farið saman!

Eru leikmenn sjálfir spurðir?

Sagt var frá rannsókn sem gerð var á hundruðum ungra, þýskra knattspyrnumanna.

Flestir vildu verða atvinnumenn

Ef ekki, þá hvað?

Fyrirlesarar töluðu mikið um drauminn og hvernig hann stjórnar öllu, þeir leggja allt þetta á sig til að verða atvinnumenn.

60-80 km ferðalag á æfingar er ekkert mál í þeirra augum.

Ungir leikmenn verða æ meir fyrir meira álagi án þess að viðurkenna það vegna þess að þeir vilja ekki láta það í ljósi og það er gegn sjálfsmynd þeirra.

Til að ráða við þetta álag verða foreldrar, liðið, þjálfari og ráðgjafar æ mikilvægari.

Leikmenn voru spurðir hvar þeir sæu sig á getulista liðsins.

237 leikmenn sáu sig meðal fjögurra bestu leikmanna liðsins.

35 lið rannsökuð, að meðaltali vildu 144 vera í fjórum bestu sætunum.

Leikmenn sækja í vini sem eru í liðinu. Vinir verða keppinautar um stöður.

Samræður og lærdómur skipta sköpum.

Foreldrar eru mikilvægir í lífi og fyrir feril ungra knattspyrnumanna.

Alltaf talað um sálfræði og hugarfar en hvað er gert með það????

50% fastra leikmanna og 70% varamanna óska sér að þjálfari tali meira við sig um stöðu þeirra í liðinu.

42% snúa sér til þjálfara þegar vandi er á höndum en 52% ekki.

4% leikmanna hugsa mikið um það hvernig í þjálfunin er, 46% leikmanna hugsa talsvert um það, 13% nokkuð en 38% hugsa ekki um það.

Þroskaferli verður að innihalda sálfræði og félagsfræðilega þætti.

HEILDARMYNDIN SKIPTIR MÁLI.

Áætlun fyrir lífið.

Ákvarðanataka.

Sjálfsmynd - hegðun.

Ábyrgð.

Sjálfstæði.

Eigið skinn.

Af hverju auka(þroska)æfingar í fótbolta?

Vegna þess að afreksknattspyrnumenn hafa mun minni tíma fyrir tómsundur en áður.

Fótbolti og skóli – ein heild.

Sinna þeim sem eru meiddir.

Hverju getur þjálfari breytt í dýnamík og liðsanda?

EKKI VELJA EINGÖNGU EFTIR GETU!!!!!!!!!!

FORÐAST RÖRSÝN.

Öðlast reynslu, upplifa mistök.

Samskipti.

Ná markmiðum liðsins og sínum eigin.

Þroska hugarfar, baráttuvilja

Leysa óþekkt vandamál, raunverulegar ráðstafanir.

Hafa vald á lífinu og skilja samhengi þess.

Sjálfstæði

- tilfinningalegt sjálfstæði
- ekki láta pirra sig
- gera sér rgein fyrir stemningu í liðinu og losa sig frá henni
- álit fjölmiðla

Ábyrgð

- þrekæfingar og afköst
- meta veikleika og styrkleika rétt
- félagsleg ábyrgð

Fyrirlesarar ræddu um framhaldið en þeir munu m.a.

- taka viðtöl við landsliðsmenn
- kanna þjálfaramenntun
- rannsaka kvennafótbolta
- álagsstjórnun
- fyrirmyndir
- mismunandi verkefni og áskoranir í þjálfun

Miðvikudagur 27. Júlí

09:00-09:45 (09:05-10:00)

Smáatriði ráða úrslitum knattspyrnuleikja: Frank Wormuth

Ekki bara „Hit and hope“ (úr golfi)

Snúa vörn í sókn og öfugt

Talaði um að áður hafi þýsk knattspyrna snúist um návígi/tæklingar.

Ralf Rangnick, þjálfari Schalke 04, hefur sagt að Þjóðverjar séu 20 árum á eftir öðrum í varnarleik.

Fyrir nokkrum árum skiptu Þjóðverjar yfir í 4 manna vörn.

Um hvað eigum við að tala?

- Hvað við gerum á æfingum?
- Hvað við gerum í leik?
- Hvað við getum bætt?

Er þýska úrvalsdeildin á eftir hinum (enginn titill frá 2001)?

Af hverju?

Peningaleysi eða of miklir peningar?

Hvað er gott og ekki gott í þýskri knattspyrnu.

Joachim Löw segir: stoppa, leiðréttu, 1000x

Horfa á smáatriðin!!!

Verðum að þjálfra alla!!!

HM 2010: Þýskaland vann flest návígi, var með fæst brot og hraðastar sóknir allra.

Tími sem hver leikmaður Þýskalands var með boltann að meðaltali: 1,1 sek (2005 voru það 2,8 sek.)

Sambærilegur tími hjá Spánverjum var 1,0 sek.

Lagði áherslu á að vinna boltann án þess að brjóta og sýndi mörg dæmi um það.

Ræddi mikið um að spila ekki með einni snertingu heldur tveimur.

Sóknarleikur:

- Knattrak
- Móttaka
- Sendingar – gæði

Aðalatriðið er hvað þjálfari gerir úr æfingunni, ekki æfingin sjálf!!!!

Taktísk æfing er gagnslaus ef tæknin er ekki til staðar.

09:45-10:30

Viðtal við Jürgen Klopp, þjálfara Þýskalandsmeistara Dortmund

Þakklátur fyrir að geta verið þjálfari í Bundesligunni

Frábært að verða meistari en liðið er liðið og næsta verkefni tekur við.

Ræddi mikið um upphaf ferlis síns.

Lagði áherslu á þjálfarateymið.

Lætur opinbera umræðu ekki hafa áhrif á sig.

Einstaklingsþjálfun mikilvæg.

11:00-12:15 11:00-12:15

Pallborðsumræður: Friedhelm Funkel, þjálfari VfL Bochum, Jürgen Klopp, þjálfari Dortmund, Michael Oenning, þjálfari Hamborgar, Mirko Slomka, þjálfari Hannover 96 og Matthias Sammer, tæknistjóri Þýska knattspyrnusambandsins.

Spyrill: Marcus Jung frá SKY-Sports

Sp.

Hvað vitum við meira um taktík í dag en fyrir 20 árum?

Sammer: mikil breyting, svæðisvörn og 3-5-2 alls ekki alvont

Sp.

Hvernig hefur taktík og leikkerfi breyst?

Funkel: svæðisvörn í stað manndekkun, fótbolti orðinn sóknardjarfari og skemmtilegri

Klopp: meiri gæði

Slomka: kemur ekkert í staðinn fyrir tækni

Oenning: laga taktík að hefð félagsins

Sp.

Hvernig vinnur þú?

Funkel: reynir að miðla því sem maður kann og fá leikmenn sem passa við það

Sp.

Hvers má ætlast til af nútímaleikmanni, t.d. í sambandi við hlaupna vegalengd?

Slomka: Dortmund hleypur miklu meira til að fagna öllum mörkunum!!!

Klopp: hversu mikið hlaupið er skiptir ekki mestu máli, heldur gæði hlaupanna

Sammer: fimm atriði sem einkenna nútímafótboltamann: bygging, tækni, taktík, þrek og einbeiting

Sp.

Hvað hefur breyst í þjálfun?

Funkel: áhrif og skilvirkni, það er það sem skiptir máli, öll umgjörð hefur breyst, ekkert meira þó en nú má drekka vatn, það mátti ekki áður

Sp.

Hefur öll tölfræði og kunnátta áhrif á fótboltann?

Klopp: ástríða mikilvæg

Besta aðgerðin á röngum tíma er skandall

Slomka: notar tölfræði og forrit og mælingar

Sp.

Er fótbolti orðinn of flókinn, s.s. tölfræði o.s.frv.

Sammer: tölfræðin kemur jú úr fótbolthanum. Spánverjar fóru að leita að andlega sterkum leikmönnum, líka þegar vel gengur. Við þurfum að vera sterkari andlega.

Xavi: ekki nóg að hlaupa hratt, heldur líka hugsa hratt

Sammer: erum komnir með 90% af því sem við þurfum, vantar bara 10%

Sp.

Er fótbolti gamalt vín á nýjum belgjum?

Slomka: nei, nýir hlutir líka en allir þjálfarar verða að fara SÍNA leið eftir sinni sannfæringu

Sp.

Hvaða áhrif hefur taktík á sveigjanleika?

Klopp: þetta er í 3., 4. og 5. sæti, fyrst er stöðugleiki og leikmenn þurfa að vera sveigjanlegir en fyrst og fremst tilbúnir.

Xavi finnst best af öllu að senda boltann, ekki hafa hann

Funkel: ungir leikmenn meðvitaðri nú en áður, sjálfstæðari en um leið tilbúnir að læra og virða þá eldri

Sp.

Er andlegi þátturinn sá mikilvægasti?

Já og ekki síst auðmýkt

12:15-12:30

Lokaorð

12:30

Slit – afhending skírteina